

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Fullorðið fólk
Markmið	Að semja og flytja sýninguna Fullorðið fólk haustið 2020.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Fullorðið fólk. Það versta sem getur komið fyrir nokkurn mann er að verða fullorðinn. Að verða full-orðinn þýðir nefnilega að maður verður ekkert meira og er þess vegna svo gott sem dauður, ef maður er það ekki bókstaflega. Við þetta eilífa hlutskipti mannsins ætlar atvinnuleikhópurinn SingleEnsemble að leggja til atlögu við í sýningu sem er í senn revía og einlægt samtal við áhorfendur um þetta hádrámatíska og óborganlega fyndna hlutskipti okkar allra að vera til. Leikskáldið og Vandræðaskáldið Vilhjálmur B. Bragason og leikararnir Birna Pétursdóttir og Hjalti Rúnar Jónsson semja og flytja verkið, en þeim til halds og trausts er Auður Ösp Guðmundsdóttir leikmynda og búningahönnuður.</p> <p>Það er afar brýnt eftir Covid-19 faraldurinn að renna styrkum stoðum undir leikhúsið og fá fólk til þess að mæta aftur, það er forsenda þess að það geti þrífist áfram. Það á því sérstaklega vel við að setja upp verk sem er fyndið og áhorfendavænt, byggir á sameiginlegum reynsluheimi allra áhorfenda og er fyrst og fremst afskaplega skemmtilegt og fyndið. Tónlist verður jafnframt veigamikill hluti sýningarinnar en tónlist Vilhjálms sem hluti af Vandræðaskáldum hefur vakið mikla athygli um allt land fyrir grípandi tónlist og hárbetta texta, en lög þeirra eru með yfir milljón spilanir á facebook. Birna og Hjalti hafa bæði getið sér gott orð sem leikarar og söngvarar, en bæði léku þau í Kabarett hjá Leikfélagi Akureyrar, Birna einnig í Gallsteinum afa Gissa</p> <p>Verkið yrði æft og frumsýnt á Akureyri, en í kjölfarið tekið til sýninga á fleiri stöðum á starfssvæði sóknaráætlunar; á Laugum, Húsavík, Dalvík og Siglufirði.</p> <p>Verkáætlun: Undirbúnings- og hugmynda vinna hefst 11. ágúst Æfingar og samsköpunarferlið hefjast 1. september Frumnýning er áætluð 16. október.</p>
Framkvæmdaaðili	Leikhópurinn SingleEnsemble (Auður Ösp Guðmundsdóttir leikmynda og búningahönnuður, Birna Pétursdóttir, Hjalti Rúnar Jónsson, Vilhjálmur B. Bragason)
Samstarfsaðilar	
Tengsl við sóknaráætlun	Að efla nýsköpun og atvinnu í menningu á landsbyggðinni. Sýnt yrði fyrst á Akureyri, en í framhaldinu á Laugum og víðar um Norðurland sem styður við markmið sóknaráætlunar um að efla menningarstarf á sem flestum stöðum á svæðinu!
Tengsl við heims-markmið	Sköpun menningarverðmæta með nýsköpun og atvinnuppbyggingu á landsbyggðinni, miðlun á menningararfi sem fellur vel að menntun fyrir alla,

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Sameinuðu þjóðanna	jafnrétti kynjanna, bæði eru kynjahlutföll þeirra sem koma að sýningunni jöfn, auk þess sem jafnrétti mun koma við sögu í efni sýningarinnar. Verkefnið rímar einnig við markmið um sjálfbærar borgir með framleiðslu á menningarefni sem er neytt á svæðinu.																						
Árangursmælikvarðar	Seldir miðar og almennar viðtökur á sýningunni.																						
Lokaður (hver verður lokaður verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Lokaður verkefnisins er fyndin og lifandi sýning sem byggir á og fangar sameiginlegan reynsluheim allra sem koma og sjá hana, auk þess að vera rík af vísunum í menningu og hefðir sem hún gerir jafnframt stólpagrín að. Ávinningur samfélagsins er margþættur, hann birtist í formi nýrra menningarverðmæta, það að sýningin verði sýnd á fleiri en einum stað á svæðinu styður við brothættar byggðir og færir menningarstarf út fyrir þéttbýliskjarnana.																						
Upphaf og lok verkefnis	Undirbúningur verkefnis hefst í júlí og það kemur til framkvæmda með haustinu. Æfingar hefjast í september og frumsýnt verður um miðjan október. Formleg verklok er áætluð í desember, en ef vel gengur má hugsa sér að sýningin ætti sér framhaldslíf á nýju ári.																						
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	<table> <tr> <td>Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar</td> <td>610500</td> </tr> <tr> <td>Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar</td> <td>610500</td> </tr> <tr> <td>Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar</td> <td>610500</td> </tr> <tr> <td>Laun búninga og leikmyndahönnuðar, miðað við 3 vikur</td> <td>312500</td> </tr> <tr> <td>Ferðakostnaður</td> <td>150000</td> </tr> <tr> <td>Auglýsingar</td> <td>210000</td> </tr> <tr> <td>Æfingahúsnæði</td> <td>150000</td> </tr> <tr> <td>Sýningalaun miðað við 6 sýningar, 3 leikarar</td> <td>540000</td> </tr> <tr> <td>Leikmynd og búningar og smink</td> <td>125000</td> </tr> <tr> <td></td> <td>Heildarkostnaður</td> </tr> <tr> <td></td> <td>3319000</td> </tr> </table>	Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar	610500	Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar	610500	Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar	610500	Laun búninga og leikmyndahönnuðar, miðað við 3 vikur	312500	Ferðakostnaður	150000	Auglýsingar	210000	Æfingahúsnæði	150000	Sýningalaun miðað við 6 sýningar, 3 leikarar	540000	Leikmynd og búningar og smink	125000		Heildarkostnaður		3319000
Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar	610500																						
Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar	610500																						
Leikara og flytjendalaun miðað við 6 vikna æfingar	610500																						
Laun búninga og leikmyndahönnuðar, miðað við 3 vikur	312500																						
Ferðakostnaður	150000																						
Auglýsingar	210000																						
Æfingahúsnæði	150000																						
Sýningalaun miðað við 6 sýningar, 3 leikarar	540000																						
Leikmynd og búningar og smink	125000																						
	Heildarkostnaður																						
	3319000																						
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Á ekki við																						
Mótframlag (ef við á)	Vilyrði fyrir æfingahúsnæði – jafngildi 25 þúsund per viku = 150.000 krónur Gert er ráð fyrir að salarkostnaður á hverjum sýningarstað verði gerður upp í formi miðasöluskiptingar!																						
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Á ekki við																						